

1864.
11. febrúar. sýslu fallizt á það álit hans. En þaræð mál þetta eigi var nægilega upplýst skoraði stjórnarráðið á yður, herra amtmaður, í bréfi 28. febrúarm. f. á., að útvega áreiðanlegar skýrslur, annaðhvort útskrift úr kirkjubókinni eður þingsvitni, um það, hvaða ár greind Sæunn Ívarsdóttir kom til Flateyjar hrepps frá Deildará í Múla hrepp m. m.

Eptir að stjórnarráðið nú hefir fengið skýrslur þessar með bréfi yðar 26. októberm. síðastl., skal yður hërmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þer gjörð ráðstafanir um þetta mál, að þaræð útskrift sú af dómsmála- og lögreglurèttarabók Barðastrandarsýslu, er þer senduð hingað með bréfi yðar, því er nú var getið, sýnir, að Sæunn ekki kom til Flateyjar hrepps fyrri en árið 1851, og að hún því eigi hefir átt stöðuga dvöl í 10 ár í þeim hreppi, er hún fór þaðan aptur vorid 1860, þá verður eigi álitid, að hún hafi áunnið sér þar framfærslurètt, en að hún þar á móti verður að álitast sveitlæg í Helgafells hreppi, með því hún átti þar stöðuga dvöl í 7 eður 8 ár áður en opið bréf 6. júlím. 1848 kom út, og eigi síðan hefir áunnið sér framfærslurètt í neinni annari sveit.

10 fylgiskjöl eru yður aptur send með bréfi þessu.

15. febrúar.

8. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um breyting á kirkjubæninni.

Hans hátign konunginum hefir þóknazt allramildlegast að ákveða, að vegna konungaskiptanna skuli sú breyting gjörð á hinni fyrirskipuðu kirkjubæn fyrir konunginum og konungsættinni, er nú skal greina:

að eptir að búid er að biðja fyrir hans hátign Kristjáni konungi hinum Níunda og hennar hátign Louisu drottningu, þá skuli beðið fyrir hennar hátign Karólínu Amalíu ekkjudrottningu, hans konunglegu tign Friðriki krónprins, hinum öðrum börnum konungsins, hennar konunglegu tign Karólínu erfðaprinsessu og hinum öðrum konunglegu prinsessum.

Þetta er yður hërmeð kunngjört yður, til leiðbeiningar og til þess þer auglýsid það.